

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁI, MSch, ÓÞ, LMós, JRG).

1. Við bætist tvær nýjar greinar á eftir 1. gr., svohljóðandi:
  - a. (2. gr.)  
Orðin „sbr. þó 64. gr.“ í 4. mgr. 28. gr. laganna falla brott.
  - b. (3. gr.)  
8. tölul. 1. mgr. 42. gr. laganna fellur brott.
2. Við 2. gr.
  - a. Við lokamálslið 1. efnismgr. bætist: eða ríkissjóðs.
  - b. 4. efnismgr. falli brott.
3. Við 7. gr. Á eftir 1. másl. 1. efnismgr. komi tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Til þess að heimilt sé að fjalla um lækkun stofnfjár á fundi stofnfjáreigenda skal hafa verið boðað til fundarins með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal gera grein fyrir tilöggu um lækkun stofnfjár.
4. Við 8. gr. Efnisgreinin orðist svo:

Aðalfundur sparisjóðs getur heimilað stjórn sparisjóðs að ráðstafa allt að 50% hagnaðar hans til hækkunar á nafnverði stofnfjár og arðgreiðslu til stofnfjáreigenda. Með hagnaði samkvæmt þessari grein er átt við hagnað eftir skatta samkvæmt samþykktum ársreikningi fyrir síðasta reikningsár. Aðalfundur má ekki ákveða að úthluta meiri arði en stjórn sparisjóðs leggur til eða samþykkir.

Heimild til ráðstöfunar hagnaðar skv. 1. mgr. er því aðeins fyrir hendi að um óráðstafað eigið fé sé að ræða í viðkomandi sparisjóði.
5. Við 9. gr.
  - a. 1. másl. 1. efnismgr. orðist svo: Sparisjóðum er heimilt að hafa samstarf meðal annars um eftirfarandi verkefni, enda sé slíkt gert á almennum viðskiptalegum forsendum.
  - b. Á eftir orðinu „bókhald“ í e-lið 1. efnismgr. komi: greining.
  - c. Í stað orðanna „hefur útvistað verkefni skv. 1. mgr. til eins og sama aðila“ í 2. efnismgr. komi: hefur falið einum og sama aðila verkefni skv. 1. mgr.
  - d. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Samstarf sparisjóða*.